



GERANDI / GERENDUR

Eyðublað 5

Alvarleg viðtöl við gerendur þar sem þeim er skilyrðislaust gert að hætta eineltinu. Talað við einn í einu - ekki hóp -. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

Á þessum fyrsta fundi er geranda gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Foldaskóla. Honum er einnig gerð grein fyrir afleiðingum gjörða hans og að haft verði samband við foreldra. Viðkomandi er tilkynnt að fylgst verði með hegðun hans og framkomu og þar verði allir starfsmenn skólans þátttakendur. Farið verður fram á að hann bæti ráð sitt, framkomu og hegðun.

Umsjónarkennari og skólastjórnandi funda með foreldrum og geranda: Dags. _____

Geranda er gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Foldaskóla. Honum er einnig gerð grein fyrir afleiðingum gjörða hans. Honum er tilkynnt að fylgst verði með hegðun hans og framkomu og þar verði allir starfsmenn skólans þátttakendur. Farið verður fram á að hann bæti ráð sitt, framkomu og hegðun. Annan fund á að halda að viku liðinni nema að starfsmenn skólans telji að funda þurfi fyrr vegna þess að gerandi breytir ekki hegðun eða framkomu eða eitthvað annað málinu tengt komi upp, þá er strax haft samband heim. Leggja þarf áherslu á að geranda verður ekki refsað heldur verður honum hjálpað. Hann þarf að hætta ákveðinni hegðun.

Fundargerð er skráð og undirrituð af öllum fundarmönnum, fundargerð á að skila til eineltisteymis samdægurs. Eyðublað er á sameign.

Í framhaldinu eru m.a. haldnir bekkjarfundir um framkomu, samskipti og einelti og unnið markvisst að bættum samskiptum í bekknum.

Lögð fyrir/skoðuð tengsla- og eða könnun um líðan. Dags. _____

Umsjónarkennari getur leitað eftir aðstoð námsráðgjafa til að vinna áfram að bættum samskiptum í bekknum.

Eftirfarandi vinna fór í gang með nemendum:
